



Fundargerð hagsmunaaðilafundur

Heiti og númer verkefnis:	Skeifan
Dagsetning:	4. apríl 2017
Mættir starfsmenn RVK	Björn Axelsson, Þorsteinn R. Hermannsson, Jón Kjartan Ágústsson, Óli Örn Eiríksson, Erna Hrönn Geirsdóttir, Halldóra Hrólfsdóttir ritar fundargerð, Gunnar Hersveinn var fundarstjóri.

Nr.	Dagskrárliður	Tími
1	Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi, opnar fundinn.	17:05
2	Þorsteinn R. Hermannsson kynnir hugmyndir um borgarlínu.	17:10
3	Óli Örn Eiríksson kynnir samningsmarkmið Reykjavíkurborgar fyrir þróunarsvæði.	17:19
4	Kanon arkitektar kynna fyrstu hugmyndir fyrir deiliskipulag svæðisins.	17:27
5	Halldóra Hrólfsdóttir og Jón Kjartan Ágústsson fara yfir tímaáætlun og næstu skref.	17:58
	Athugasemdir	Svör
6	Ársæll Valfells, Vesturgarður Hvar er borgarlínan stödd? Er búið að ákveða framkvæmdatíma? Fjármagn? Hvenær verður hún komin upp? Eftir 5 ár, 10 ár, 15 ár. Slæmt ef lóðarhafar fara í uppbyggingu ef að ekki Eru til umferðargreiningar fyrir svæðið eins og það er í dag?	Þorsteinn R. Hermannsson Í lok síðasta árs skrifuðu sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu undir samning um borgarlínu. COWI að skoða leiðir með innanríkisráðuneytinu. Eina samgönguverkefnið sem rætt var sérstaklega í stjórnarsáttmála í janúar. Ef gengur hratt, þá gætu verið 5 ár, kannski 10 ár. Viljinn er til staðar í dag. Verið að vinna aðalskipulagsbreytingar hjá sveitarfélagunum en það hefur verið rætt að uppbyggingarheimildir meðfram borgarlínunni verði að einhverju leyti sofandi þar til að borgarlínan fer af stað. Höfum fulla trú á borgarlínunni að hún fari af stað. Umferðargreiningar verða gerðar fyrir núverandi ástand og tillögu þegar hún verður komin.
7	Sævar Ólafsson, Myllan Val á leið borgarlínunnar. Hvers vegna Suðurlandsbraut en ekki Miklubraut? Fleiri íbúar þar.	Uppbyggingarmöguleikar meðfram Suðurlandsbraut er um 1 milljón fermetrar sem væri hægt að byggja meira en meðfram Miklubraut. Í núverandi greiningum er Miklubrautin inni og þá gæti komið í ljós að hún henti betur en Suðurlandsbraut á næstu vikum.



8	<p>Ársæll Valfells</p> <p>Á hvaða forsendum byggir reitaskiptingin? Nokkrir reitir hafa verið að ræða saman við borgina.</p> <p>Eru menn of fljótir á sér að fara í deiliskipulag þar sem ekki er ljóst með borgarlínuna.</p>	<p>Björn Axelsson</p> <p>Bútað niður í viðráðanlegar skipulagsheildir. Vinna deiliskipulagsheimildir samhliða borgarlínu meðfram Suðurlandsbrautinni.</p> <p>Þetta mun taka einhvern tíma.</p>
9	<p>Elías</p> <p>Hvað ef einn fer að byggja en annar ekki og sá segir: „þú mátt ekki byggja, þú skyggir á mig.“</p>	<p>Var fjallað aðeins um það í kynningu Kanon. Það þurfa ekki allir að fara í uppbyggingu á sama tíma. Lóðarhafi er umsagnaraðili um næstu lóð en hann hefur ekki neitunarvald.</p>
10	<p>Oddur</p> <p>Er verið að hugsa rammaskipulag fyrst og svo verði farið í deiliskipulag? Það er léttari leið að hans mati.</p> <p>70% aðila taki þátt. Er það innan reits eða á öllu svæðinu?</p>	<p>Einfaldara að fara í rammaskipulag fyrst, við erum komin á þá skoðun í dag.</p> <p>70% innan reits.</p>
11	<p>Ívar Pálsson, Skeifan 13</p> <p>Er búið að móta stefnu um bílastæðafjölda? Verður kröfunni breytt með tímanum? Menn róist við að heyra að ekki eigi að bola þeirri starfsemi sem þarna er í dag í burtu.</p>	<p>Miðað við aðalskipulag, einnig minni kröfur við borgarlínu. Fer líka eftir því hvaða starfsemi er á hverri lóð.</p> <p>Bílar eru ekki að fara af svæðinu á morgun. Viljum sjá fjölbreytni. Kannski verða stórverslanir áfram með meiri bílastæðum en annars staðar á svæðinu.</p> <p>Stefnt að því að þetta verði hægfara þróun.</p>
12	<p>Einar Sigurðsson</p> <p>Finnst þetta flott og skýrt. Hvað þýðir hægt og rólega í árafjölda? Ætti að gera þetta hratt því það myndi gjörbreyta þessu umhverfi til framtíðar.</p>	<p>Gott að heyra ef þetta hefur kveikt í einhverjum. Væri gott ef aðilar gætu komið sér saman og komið í samstarf við borgina. Hraðinn ræðst svolítið af lóðarhöfum.</p>
13	<p>Ársæll Valfells</p> <p>Hver er staðan á eldra deiliskipulagi?</p>	<p>Þau réttindi eru til staðar og verða ekki felld úr gildi. Ekki tekin nema með samkomulagi við viðkomandi aðila.</p>
14	<p>Arnar Einarsson, Skeifunni 3</p> <p>Hvað ef einhver er ekki tilbúinn í uppbyggingu?</p>	<p>Ef að einstaka lóðarhafar eru á móti uppbyggingu, þá verður það bara að vera þannig. Borgin þvingar engan í uppbyggingu, er að bjóða upp á tækifæri</p>
15	<p>Baldur, Skeifunni 5</p> <p>Ef deiliskipulagið minnkar lóðir, t.d. vegna tengingar við borgarlínustöð.</p>	<p>Það verður að semja um slíkt.</p>



16	Friðjón hjá Reitum Hver er tilfinning arkitektanna, er erfitt að koma fyrir 500 íbúðum eða ber svæðið meira?	Það er þeirra tilfinning að svæðið beri allavega þetta og líklega talsvert meira. Í húsnæðisáætluninni er talað um 750 íbúðir á svæðinu og að 25% þeirra fari á leigumarkað.
17	Einar Gautur, bláu húsin Eru hugmyndi að gera breytingar á aðalskipulagi til að fjölga íbúðum.	Já, ef að rammaskipulagið leiðir það í ljós.

Ritað: Halldóra Hrólfsdóttir

Fundi lokið 18:28